



---

# Sandspyrna 2010

## Öryggisreglur í sandspyrnukeppni.

### Öryggiskröfur í flokkum S, MU, M-, M+ og FJ.

1. Hjálmur ætlaður í aksturskeppni, í fullkomnu lagi. (Krosshjálmur eða lokaður hjálmur)
2. Skór: Mótorhjólástígvél, krossstígvél eða sleðastígvél.
3. Hlífðarhanskar ætlaðir í aksturskeppni.
4. Fatnaður: Leðurgalli eða krossgalli og brynja.
5. Neyðarádrepari, helst snúrutengdur.
6. Hjólbarðar og belti úr gúmmí, málmspyrnur bannaðar.

### Öryggiskröfur í flokkum F, ÚF, J, ÚJ, S og OF.

#### Almennt:

1. Hjálmur ætlaður í aksturskeppni, í fullkomnu lagi. (Krosshjálmur eða lokaður hjálmur)
2. 3. punkta öryggisbelti í fullkomnu lagi.
3. Veltibúr, 4. punkta öryggisbelti og armólar í opnum bílum.
4. Allar rúður lokaðar inná brautinni.
5. Ballest skal vera tryggilega fest.
6. Eldsneytis og rafgeymar skulu vera utan farþegarýmis í lokuðum bílum.
7. Í ladderfjöðrun skal vera öryggisbaula um fremri enda á stífum.
8. Hjólbarðar skulu vera úr gúmmí, málmspyrnur bannaðar.



### **Ökutæki undir 5,5 sek.**

1. 4. Punkta öryggisbelti í fullkomnu lagi.
2. Eldtefjandi keppnisfatnaður (galli, hanskar og skór.)
3. Veltibogi, samþykktur af skoðunarmanni.
4. Körfustóll, tryggilega festur.
5. Höfuðrofi.
6. Baula utan um drifskaft.

### **Ökutæki undir 4,5 sek.**

1. 5. Punkta öryggisbelti í fullkomnu lagi.
2. Hálskragi og hjálmhetta.
3. Veltibúr, samþykkt af skoðunarmanni.
4. Sprengihlíf á kassa eða sprengihelt kúplingshús.

## **Reglur og takmarkanir keppnisflokka**

### **Unglingaflokkur (MU)**

1. Krosshjólaflokkur fyrir 14, 15 og 16 ára unglunga.
2. Krosshjól og Endurohjól.
3. Hámarks vélarstærð 250cc.
4. Engin þyngdartakmörk.
5. Skyld er að loka framgjörð tryggilega.

### **Mótorhjól að 500cc (M-)**

1. Krosshjól, endurohjól, mótorhjól, götuhjól og sérsmíðuð hjól (tvíhjól)
2. Hámarks vélarstærð 500cc.
3. Engin þyngdartakmörk.
4. Skyld er að loka framgjörð tryggilega.



### **Mótorhjól yfir 500cc. (M+)**

1. Krosshjól, endurohjól, mótorhjól, götuhjól og sérsmíðuð hjól (tvíhjól)
2. Bílvélar bannaðar.
3. Engin þyngdartakmörk.
4. Skylt er að loka framgjörð tryggilega.

### **Fjór hjól. (FJ)**

1. Fjór hjól, þríhjól og sexhjól.
2. Engin hámarksstærð á vél, bílvélar bannaðar.
3. Engin þyngdartakmörkun.

### **Vélsleðar. (V)**

1. Vélsleðar, knúnir einu belti.
2. Engin hámarksstærð á vél, bílvélar bannaðar.
3. Engin þyngdartakmörk.
4. Skylt er að loka gati fremst á skíði tryggilega.

### **Fólksbílar. (F)**

1. Fjöldaframleidd fólksbifreið með drif á einum ás.
2. Ótakmarkaðar breytingar á vél
3. Allir boddýhlutir skulu vera á ökutæki, upprunalegur eldveggur á upprunalegum stað.
4. Innrétting skal vera til staðar nema í bílum með veltibúr eða boga.
5. Óheimilt er að breyta hjólskálum. (többa)
6. Hæðarmunur fremst og aftast á sílsa má ekki vera meiri en 10cm.
7. Hjólbarðar skulu ekki standa út fyrir óbreytta brettabrún.
8. Hjólbarðar skulu vera DOT merktir, óskornir og hámark 33”



### Útbúnir Fólksbílar. (ÚF)

1. Fjöldaframleidd fólksbifreið með drif á einum ás.
2. Ótakmarkaðar breytingar á vél.
3. Allir boddýhlutir skulu vera á ökutæki, upprunalegur eldveggur á upprunalegum stað.
4. Innrétting skal vera til staðar nema í bílum með veltibúr eða boga.
5. Skófludekk (eða ausudekk) skylda.

### Jeppar. (J)

1. Fjöldaframleidd bifreið með drif á tveim ásum öxultengt við vél.
2. Ótakmarkaðar breytingar á vél.
3. Óheimilt er að fjarlægja bretti, vélarhlíf, stuðara, framstykki og ljós
4. Stýri skal vera tengt með vélrænum hætti, tjakkstýrir með vökvarótor bannað, hjálpertjakkar leyfðir.
5. Hjólbarðar skulu ekki standa útfyrir brettakanta.
6. Hjólbarðar skulu vera viðurkenndir og DOT merktir, auka má mynstur en ekki fjarlægja kubba.

### Útbúnir jeppar. (ÚJ)

1. Ökutæki með drif á tveim ásum, öxultengt við vél.
2. Vél skal vera bílvél, ótakmarkaðar breytingar.
3. Óheimilt er að fjarlægja hluti af eða úr ökutækjum í keppni.
4. Skófludekk (eða ausudekk) skylda á a.m.k. einum ás.

### Sérsmíðuð Ökutæki. (S)

1. Fjöldaframleidd ökutæki með drif á einum ás.
2. Vél skal vera bílvél, ótakmarkaðar breytingar.
3. Endursmíða má hluta ökutækis úr öðrum efnum en upprunalega.
4. Skyld er að hafa alla boddýhluti á ökutæki.
5. Skófludekk (eða ausudekk) skylda.



## Opinn flokkur. (O)

1. Sérsmíðuð tæki sem ekki komast í aðra flokka.
2. Ótakmarkaðar breytingar leyfðar á vél.
3. Skófludekk (eða ausudekk) skylda.

## Reglur og takmarkanir allt flokka.

### Hjól og sleðar.

1. Unglingaflokkur, Hjól að 500cc, Hjól yfir 500cc, Fjór hjól og Vélsleðar.
2. Allar breytingar leyfðar.

### Bílar.

1. Fólksbílar, Útbúnir fólksbílar, Jeppar, Útbúnir jeppar, Sérsmíðuð ökutæki og Opinn flokkur.
2. Allar breytingar leyfðar.

Reglum síðast breytt á félagsfundi BA 21.12.09